

# Alma skipuð landlæknir

Alma Dagbjört Möller læknir hefur verið skipuð landlæknir frá næstu mánaðamótum. Hún er fædd á Siglufirði árið 1961, yngst af sex börnum Jóhanns G. Möller verkalyðsleiðtoga og bæjarfulltrúa og Helenu Sigtryggsdóttur, sem er orðin 94 ára.

Í frétt frá velferðarráðuneytinu segir að Alma verði fyrst kvenna til að gegna þessu embætti en umsækjendur um stöðuna voru sex. Alma er með sérfræðiviðurkenningu og doktorsgráðu í svæfinga- og gjörgæslulækningum, meistaraþróf í stjórnun heilbrigðisþjónustu og lýðheilsu og sérfræðiviðurkenningu í heilbrigðisstjórnun. Hún hefur frá árinu 2014 verið framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landspítala og um árabíl var hún yfirlæknir á gjörgæsludeildum Landspítala í Fossvogi og við Hringbraut. Á árunum 1993-2002 starfaði Alma við Háskólasjúkrahúsið í Lundi í Svíþjóð.

Siglfirðingur.is óskar henni innilega til hamingju með skipunina.



Myndir: Ýmsir. Birtar með leyfi Ölmú D. Möller.

Texti: Jónas Ragnarsson | [jr@jr.is](mailto:jr@jr.is).